

Skýrsla yfir starf á vegum þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu (2017.is)

Starfsárið 2015

Stýrihópur: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Auður Styrkárstöttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Á árinu var mikil vinna unnin við að koma ritgerðasafninu af stað, mynda ritstjórn, safna höfundum (um 25) og setja ýmisskonar rama og reglur um verkið. Skiladagur greina er 1. apríl 2016. Áætlaður útgáfudagur er 31. október 2017. Ritstjórn greinasafns: Loftur Guttormsson (ritstjóri), Hjalti Hugason og Margrét Eggertsdóttir.

2017.is var á árinu boðin aðild að Refo500 sem er alþjóðlegur vettvangur fyrir þekkingu, sérhæfingu, hugmyndir og viðburði sem tengjast siðbótinni og 500 ára afmæli hennar (<http://www.refo500.nl/en/pages/212/what-is-refo500.html>). Í maí á þessu ári mun 2017.is standa fyrir málstofu á ráðstefnu í Kaupmannahöfn á vegum RefoRC (sem er akademísk deild Refo500) og annarri málstofu á ráðstefnu í Wittenberg sumarið 2017, einnig á vegum RefoRC.

Viðburðir á vegum 2017.is á árinu 2015:

Málstofa

Yfirskrift: Siðbót og sálarangist

Frummælandi: Hjalti Hugason
Hvenær: Fimmtudaginn 30. apríl kl. 15:30–17:00
Hvar: Nýi Garður stofa 201

Málþing

Yfirskrift: Erum við lúthersk?

Hvenær: Fimmtudaginn 15. jan. kl. 13:30–16:00
Hvar: Árnagarður stofa 422

Dagskrá:

Guðmundur Andri Thorsson: Trúin á tímum afhelgunarinnar.

Auður Styrkárstöttir: Velferðin okkar. Er hún lútersk?

Kristín Ástgeirsdóttir: „Hræðst“ ei spott né heimsins glamm. Haf þinn guð í stafni“ –

Lúter og íslensk kvennahreyfing.

Gunnar F. Guðmundsson: Erum við katólsk?

Yfirskrift: Hvenær urðum við lúthersk?

Hvenær: Fimmtudaginn 28. maí kl. 13:30–16:00

Hvar: Í fyrirlestrarsal Þjóminjasafns Íslands

Dagskrá:

Hjalti Hugason: Hvenær urðum við lúthersk?

Ásdís Egilsdóttir: Kraftaverkið sem hvarf. Um viðhorf til jarteina fyrir og eftir siðaskipti.

Skúli S. Ólafsson: Að girnast heilagt sakramenti. Hugmyndir fólks á árnýöld um sakramentið sem vettvang huggunar, fyrirgefningar og sáluhjálpar.

Svanhildur Óskarsdóttir: Jesúbarnið og móðir þess — sígrænar sögur?